

Umfangsmikið skipulag viðbragðsaðila vegna sólmyrkvans

Undirbúningur lögreglu og annarra viðbragðsaðila vegna væntanlegs álags á umferð og ferðamannastraums í tengslum við sólmyrkvann 12. ágúst hefur staðið yfir um nokkurt skeið. *Læknaþlaðið* heyrði í Runólfi Þórhallssyni, yfirlögregluþjóni hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

■■■ Olga Björt Þórðardóttir



Runólfur Þórhallsson

Runólfur segir að Vegagerðin og lögregluembætti víða um land hafi unnið markvisst að skipulagningu vegna aukins álags á vegakerfið, sérstaklega á Vesturlandi, Vestfjörðum, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Að undirbúningnum koma fjögur lögregluembætti á þessum fjórum svæðum og hófst vinna þeirra þegar undir lok síðasta árs.

„Lögð hefur verið áhersla á umferðarskipulag, upplýsingagjöf og samhæfingu milli fjölmargra aðila. Vegagerðin hefur opnað sérstakan upplýsingavef þar sem birtar verða upplýsingar um mögulegar vegalokanir, umferð og aðstæður á ferðaleiðum um þessi svæði. Líklega verða einhverjar leiðir í einstefnu þennan dag, en það þarf mikið skipulag og mannskap í slíkt,“ segir Runólfur. Þá sé jafnframt unnið að sérstakri upplýsingasíðu á island.is þar sem almenningur og ferðaðjónustuaðilar geti nálgast samræmdar og áreiðanlegar upplýsingar, ásamt tenglum á efni frá Vegagerðinni, lögregluembættum og öðrum viðbragðsaðilum.

Runólfur tekur sérstaklega fram að

þótt almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafi komið að undirbúningnum sé ekki um eiginlegt almannavarnaástand að ræða. „Aðkoma deildarinnar byggist fyrst og fremst á reynslu hennar af samhæfingu stórra verkefna og samstarfi við viðbragðskerfi um allt land. Markmiðið hefur verið að leiða saman fjölmarga aðila sem koma að verkefninu, þar á meðal björgunarsveitir, Landhelgisgæsluna, heilbrigðiskerfið, sveitarfélög, markaðstofur landshlutanna og fulltrúa Náttúruverndar, enda eru bæði Snæfellsjökulsþjóðgarður og Látrabjarg (sem er friðlýst svæði) meðal þeirra svæða sem búast má við að verði fjölsótt.“

Einnig hafi verið unnið að því að tryggja aukna mönnun og viðbragðsgetu á þeim svæðum þar sem búast má við miklum fjölda ferðamanna. „Sérstök áhersla hefur verið lögð á að meta hvaða áhrif umferðarteppur gætu haft á viðbragðsaðila og hvernig tryggja megi að neyðarþjónusta komist leiðar sinnar ef umferðarálag verður mikið. Það er því verið að skoða mismunandi sviðsmyndir

„Sérstök áhersla hefur verið lögð á að meta hvaða áhrif umferðarteppur gætu haft á viðbragðsaðila og hvernig tryggja megi að neyðarþjónusta komist leiðar sinnar ef umferðarálag verður mikið.“

og viðbragðsáætlanir til að bregðast við slíkum aðstæðum,“ segir Runólfur.

Lærðu af stórviðburðum árin 1994 og 2000

Aðspurður bætir hann við að reynsla af fyrri stórviðburðum nýtist við þennan undirbúning og vísar hann sérstaklega til lýðveldishátíðarinnar á Þingvöllum árið 1994 og kristnitökuhátíðarinnar árið 2000, þar sem mikill mannfjöldi og umferð kölluðu á umfangsmikið skipulag. „Sú reynsla hefur sýnt mikilvægi þess að dreifa fólki á fleiri svæði til að minnka álag á einstaka staði og vegi. Ég tek sem dæmi Álfanes, Gróttu og Suðurnesin. Það þurfa ekki allir að fara í sunnudagsbíltúr til Vestfjarða og vera megnið af deginum í umferð,“ segir Runólfur og brosir.

Í því samhengi séu nú til skoðunar sérstök safn- og útsýnissvæði á Vesturlandi, Snæfellsnesi og jafnvel á höfuðborgarsvæðinu. Með því sé vonast til að draga úr hættu á miklum umferðarþunga og skapa betri dreifingu ferðamanna. Það verður fljótlega birt nánari kynning á skipulagi, umferðartilhögun og upplýsingagáttum svo að almenningur og ferðafólk geti undirbúið sig með góðum fyrirvara,“ segir Runólfur að endingu.

<https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/starfsemi/vidburdir/almyrkvi-a-solu>

„Heilbrigðiskerfið er traust og gott og undirbúið fyrir almyrkvann“

■■■ Olga Björt Þórðardóttir

Þann 12. ágúst verður almyrkvi á sólu sjáanlegur frá Íslandi í fyrsta sinn síðan 1954. Almyrkvinn sést frá Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesskaga. Þetta er fyrsti almyrkvinn sem sést frá Reykjavík síðan 17. júní 1433. *Læknablaðið* spurði Ölmú Möller heilbrigðisráðherra um undirbúning í tengslum við væntanlegt álag á heilbrigðis- og neyðarþjónustu á fyrrgreindum svæðum

„Já, heilbrigðisráðuneytið fylgist grannt með undirbúningi heilbrigðisstofnana og almanna vegna myrkvans. Almanna varnir leiða samráðshóp með fulltrúum allra helstu aðila (sveitarfélög, löggæsla, Landhelgisgæsla, Vegagerð, Ferðamálastofa, RKÍ, Neyðarlínan, Náttúruverndarstofnun, ferðaþjónustuaðilar og fleiri)“ segir Alma. Forstjórar heilbrigðisstofnana eigi sæti í þessum hópi sem hittist reglulega, fari yfir stöðu undirbúnings og miðli upplýsingum.

Forsætisráðuneytið leiði svo stýrihóp ráðuneyta (ráðuneyta heilbrigðis, dómsmála, innviða- og umhverfis, fjármála, efnahags og atvinnuvega). Þessi hópur hafi einnig samræmingarhlutverk og muni koma sterkur inn þegar nær dregur með miðlæga upplýsingagjöf til almennings. Þá hafi heilbrigðisráðherra nýverið fundað með fulltrúum þeirra stofnana sem málið varðar (HSS, Hvest og HVE auk Landspítala) og þar hafi komið fram að undirbúningur sé í góðum gangi.

Aðspurð hvort mönnun verði aukin á heilbrigðisstofnunum eða viðbragðsgeta á þeim svæðum þar sem búist er við mestum fjölda ferðamanna og gesta segir Alma: „Hlutaðeigandi heilbrigðisstofnanir hafa gert áætlanir um aukna

mönnun, breytingar á vaktafyrirkomulagi, staðsetningu sjúkrabíla, samstarf við björgunarsveitir og fleira. Þá eru til viðbragðsáætlanir hjá öllum þessum stofnunum við heilbrigðisvá, þar með taldar hópslysáætlanir, og ef á reynir þá verða þær virkjaðar. Landspítali er jafnframt í viðbragðsstöðu enda alltaf reiðubúinn,“ áréttar Alma.

Leiðbeiningar varðandi verndun augna þegar horft verður til sólar

Varðandi sérstakar ráðstafanir sem tengjast sjúkraflutningum, þar með talið flutning sjúklinga milli landshluta eða aukinn viðbúnað þyrta og sjúkrabifreiða, segir Alma að viðbragð vegna sjúkraflutninga af hálfu heilbrigðisstofnana verði aukin og samráð haft við lögreglu og Landhelgisgæslu sem er í samráðshópnum og meti þörf fyrir þyrta viðbragð. „Ég hef auk þessa falið embætti landlæknis að undirbúa leiðbeiningar varðandi verndun augna þegar horft verður til sólar þann 12. ágúst.“

Spurð að lokum um hvort núverandi innviðir heilbrigðis- og neyðarþjónustu séu nægilega öflugir til að mæta þeim fjölda fólks sem búist er við á landinu



Alma Möller heilbrigðisráðherra.

vegna sólmyrkvans, segir Alma: „Já, heilbrigðiskerfið er traust og gott og undirbúið fyrir almyrkvann. Vandaður undirbúningur stuðlar enn fremur að því að bjargir verði nægar.“

Því má bæta við að *Læknablaðið* hefur fengið staðfest hjá Hjördísi Garðarsdóttur á Neyðarlínunni að mannaflí verði aukinn í kringum 12. ágúst, svo svörun símtala við neyð gangi vel fyrir sig.




Sumarið 2026

Skrifstofa Læknafélags Íslands verður lokuð dagana 11. júlí til 3. ágúst vegna sumarleyfa.



Ásgeir Haraldsson umvafinn blómum á málþingi til heiðurs honum 15. maí 2026.

Myndir/HÁS



Valtýr Stefánsson Thors flytur kveðju Bruce Springsteen við eitt af hans frægustu lögum.

„Allt er ónæmisfræði“ – málþing

Í tilefni 70 ára afmælis og starfsloka prófessors Ásgeirs Haraldssonar barnalæknis var haldið málþing honum til heiðurs á Landspítala. Valtýr Stefánsson Thors, „klefafélagi“ hans til 10 ára, hafði veg og vanda af skipulagningunni og fór á kostum

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Eftir kandiðatspróf á Íslandi nam Ásgeir barna- og ónæmislækningar við Nijmegen og Leiden sjúkrahúsin í Hollandi og lauk þaðan doktorsprófi. Eftir heimkomu átti hann stóran þátt í að bygging Barnaspítala Hringurinn varð að veruleika með dyggum stuðningi kvenfélagsins Hringurinn, sem færði honum þakkir við þetta tilefni. Ásgeir hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf í þágu barna frá Hringurinum, Lionshreyfingunni, þar sem hann er heiðursfélagi, og frá Velferðarsjóði barna.

Ásgeir hefur verið forstöðumaður fræðasviðs barnalækninga við Háskóla Íslands (HÍ) í 32 ár, leiðbeint fjölda nema til doktorsprófs og BSc- og MSc-nemum í hundruðaatali og hefur hlotið kennsluverðlaun HÍ og kennsluverðlaun læknanema tvívegis. Hann á fjölda birtra vísindagreina í ritryndum blöðum og hefur staðið að alþjóðlegu námskeiði í smitsjúkdómum barna innan Evrópska smitsjúkdómafélagsins (ESPID) á Íslandi í 10 ár og var heiðraður fyrir það árið 2024 með Distinguished Award for Education.¹

Ásgeir hefur notið þess að kenna samhliða því að sinna veikum börnum og stunda vísindavinnu. „Allt er ónæmisfræði,“ segir hann og hefur einnig til-einkað sér eftirfarandi: „Það þarf að vera skemmtilegt, því ef það er ekki skemmti-

legt þá er hætta á að það sé leiðinlegt. Og ef það er leiðinlegt, þá er ekkert gaman.“

Frummælendur fóru yfir mikilvægi frumkvöðla-starfa hans við mótun og þróun barnalækninga á Íslandi, brautryðjendastarfa innan ónæmisfræðinnar og vísindarannsóknar hans sem meðal annars hafa leitt til bættra bólusetninga barna.

Prófessor Karl G. Kristinsson sýklafræðingur lýsti aðkomu þeirra að uppbyggingu innan heilbrigðiskerfisins í Vilniús í Litáen og samstarfi við Oxford-háskóla, Cambridge-háskóla og Sanger Institute. Í kjölfar þessarar vinnu hófust bólusetningar ungbarna gegn pneumókökkum á Íslandi árið 2011.

Þórður Þórkelsson barnalæknir lýsti samstarfi þeirra allt frá læknaeild HÍ er Þórður var ritstjóri *Læknanemans* og Ásgeir formaður fræðslumálanefndar læknanema. Strax voru kennsluhættir læknanema nærri hjarta Ásgeirs, sem sagði „glærur og glærúvél ekki ásættanleg kennslutæki, glærurnar oftast illlæsilegar, en smæð kritaflögu kom



Hringurinn – heiðurstíll veittur Ásgeiri Haraldssyni, hann er eini karlmaðurinn til þessa.

ekki að sök þar sem oftast var ekki til krít“. Þeir urðu félagar í Samtökum lækna gegn kjarnorkuvá og hápunkturinn var er samtökin fengu friðarverðlaun Nóbels 1985. Barnaspítali Hringurinn hefur haft 239 BSc-verkefni með læknanemum árin 1997-2026 og Ásgeir verið aðal eða meðleiðbeinandi í 110 þeirra. Sýnt var myndbrot af Ásgeiri kenna endurlífgun barna, með réttum takti við

hnoðið með því að raula Piparkökulagið. Ekki bara Staying alive og Öxar við ána, sem er taktfast. „Það þarf að vera gaman við nám og kennslu“.

Sérnámslæknar í barnalækningum í Svíþjóð þökkðu hvatninguna til sérnámsins og sýndu í verki ryksuguprófið sem hann kenndi þeim og greinir vökvun og næringu einstaklings. Því verður ekki nánar lýst hér.

Laxveiði og fótboltaleikir með KR og Liverpool fá nú meiri tíma en vísindin yfirgefur Ásgeir vart í bráð.

1. Lækna-bláðið 9. tbl. 110. árg. 2024.

Myndir/Sigríður Marrow



Jón R. Kristinsson, sem heiðraður var fyrir ævistarf sitt með Steinunni Þórðardóttur, formanni LÍ.



Dögg Pálsdóttir framkvæmdastjóri færir Valgerði Rúnarsdóttur viðurkenninguna: Fyrirmyndar lækni.

Dagur íslenskra lækna – 17. maí 2026

■ ■ ■ Lilja Sigrún Jónsdóttir



Hópurinn með viðurkenningar sínar og formaður LÍ.

Dagur lækna var í þriðja sinn haldinn þann 17. maí síðastliðinn, að þessu sinni í Þjóðminjasafninu. Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) og stjórn nýstofnaðs Lækningaminjasjóðs Jóns Steffensen stóðu að fundinum.

Steinunnar Þórðardóttur formaður LÍ hóf fundinn með ávarpi. Högni Óskarsson geðlæknir sagði frá aðdraganda stofnunar Lækningaminjasjóðs Jóns Steffensen og Guðmundur Þorgeirsson hjartalæknir fór yfir ævi og störf Jóns og lækningaminjastarf hans. Ásgeir Böðvarsson meltingarlæknir sagði frá Lækningabókum séra Jóns Jónssonar í Stærri Árskógi og Grenjaðarstað og uppskriftum þeirra.

Michael V. Clausen barnalæknir og læknanemarnir Baldvin, Páll, Róbert, Solveig og Theódór önnuðust tónlistarflutning í kaffihléi.

Fundinum lauk með afhendingu viðurkenninga til lækna og starfsemi lækna sem formaður LÍ afhenti.

Í byrjun árs ákvað stjórn LÍ að framvegis yrði ár hvert kallað eftir tilnefningum frá almenningi og læknum að 1) fyrirmyndarvinnustað eða starfsemi lækna, 2) fyrirmyndarlækni, 3) framúrskarandi nýsköpun og/eða gæðastarfi lækna og 4) ævistarfi lækni. Almennungur getur bæði tilnefnt fyrirmyndarvinnustað eða starfsemi lækna og fyrirmyndarlækni. Læknar geta tilnefnt í alla flokkana. Viðurkenningarnar verða nú árlega og afhentar á degi lækna. Þess var getið að Ólafur Gísli Jónsson barna-, blóð- og krabbameinslæknir sem nýlega er látinn, fékk margar tilnefningar fyrir sitt ævistarf. Fundargestir risu úr sætum og minntust hans.

Viðurkenningar á degi lækna 2026 hlutu:

1. *Fyrirmyndarvinnustaður lækna og/eða starfsemi:* Domus lækna og Hjartamiðstöðin.
2. *Fyrirmyndar lækni:* Valgerður Rúnarsdóttir fíknlæknir.
3. *Framúrskarandi nýsköpun og/eða gæðastarf:* Nýsköpunarfyrirtækið Careflux ehf
4. *Ævistarf:* Jón R. Kristinsson barnalæknir.

Nánari má lesa um fundinn og viðurkenningarnar á heimasíðu LÍ.